

Almennir skilmálar Origo

September 2018

Til viðskiptavina

Þessir skilmálar gilda um öll viðskipti Origo við viðskiptavini félagsins, nema um annað sé samið sérstaklega. Almennu skilmálarnir, ásamt sérskilmálum, sérsamningi og eftir atvikum samningsviðaukum fyrir hvern viðskiptavin, fela að jafnaði í sér heildarsamning aðilanna um viðskiptin. Ósk um að stofna til viðskipta við Origo geta viðskiptavinir beint til félagsins munnlega (þ.á.m. í síma) eða með tölvupósti, eftir því um hvaða vöru eða þjónustu er að ræða.

Samningur getur verið munnlegur en þó er oftast þörf á að staðfesta hann skriflega, ef um stærri viðskipti er að ræða.

Í stöku tilvikum geta samningar við Origo haft að geyma aðra skilmála en hér að neðan. Slíkir skilmálar koma þá annað hvort í stað neðangreindra skilmála eða teljast viðauki þeirra og verða slíkir skilmálar kynntir, þegar við á.

Nýjar útgáfur

Origo áskilur sér rétt til að breyta bæði Almennum skilmálum og sérskilmálum með dagsettri endurútgáfu þeirra. Allir samningar, sem gengið verður frá eftir þá dagsetningu, falla undir hina nýju skilmála.

Skilmálar þessir taka gildi þann 13. september 2018.

Efnisyfirlit

| | |
|---|-----------|
| 1. Skilgreiningar | 3 |
| 2. Samningar um viðskipti við Origo | 6 |
| 2.1 Gildistaka og gildissvið | 6 |
| 2.2 Tilboð | 6 |
| 2.3 Samningar og viðaukar | 6 |
| 2.4 Uppsögn samninga | 6 |
| 2.5 Misræmi í skilmálum | 6 |
| 3. Afhending og endurráðstöfun | 7 |
| 3.1 Afhending á búnaði og þjónustu | 7 |
| 3.2 Endursala og endurráðstöfun | 7 |
| 4. Umboðsviðskipti og samstarfsaðilar | 7 |
| 4.1 Umboðsviðskipti | 7 |
| 4.2 Samstarfsaðilar | 7 |
| 4.3 Ábyrgð samstarfsaðila | 8 |
| 5. Sala á búnaði og þjónustu | 8 |
| 5.1 Sala á búnaði | 8 |
| 5.1.1 Eignarréttur | 8 |
| 5.1.2 Áhættuskipti | 8 |
| 5.2 Sala á þjónustu | 9 |
| 5.2.1 Umfang þjónustu | 9 |
| 5.2.2 Starfsfólk og undirverktakar | 9 |
| 5.3 Hugbúnaður frá öðrum - forritapakkar | 9 |
| 5.4 Forritapakkar | 10 |
| 5.5 Endurgjald | 10 |
| 5.6 Breytingar á verðskrá | 10 |
| 5.7 Ferðakostnaður og flutningsskilmálar | 10 |
| 5.8 Reikningar | 11 |
| 6. Skyldur og réttindi aðila | 11 |
| 6.1 Þáttur viðskiptavina | 11 |
| 6.2 Sérstök réttindi Origo | 12 |
| 7. Ábyrgð | 12 |
| 7.1 Ábyrgð á búnaði | 12 |
| 7.2 Ábyrgð á þjónustu | 14 |
| 7.3 Ábyrgðartakmarkanir vegna endursölu á tengingum | 14 |
| 7.4 Ábyrgð á forritapökkum | 15 |
| 7.5 Atvik utan ábyrgðar | 15 |
| 7.6 Almennar takmarkanir á ábyrgð | 15 |
| 8. Önnur ákvæði | 17 |
| 8.1 Hugverkaréttur – uppgötvanir og uppfinningar | 17 |
| 8.2 Eigin hugbúnaðarþróun Origo | 17 |
| 8.3 Notkun vörumerkja | 18 |
| 8.4 Upplýsingaöryggi og vinnsla persónuupplýsinga | 18 |
| 8.5 Trúnaður | 18 |
| 8.6 Framsal | 18 |
| 8.7 Tímastrestur um tilkynningu á galla | 19 |
| 8.8 Óviðráðanleg atvik | 19 |
| 8.9 Riftun | 19 |
| 8.10 Lög og varnarþing | 20 |

1. Skilgreiningar

| | |
|-------------------------------|---|
| Afnotaréttur | Réttur, sem notandi hefur aflað sér til að nota búnað með tilgreindum hætti. |
| Ábyrgð | Skuldbinding Origo um að lagfæra framleiðslugalla í vélbúnaði, hugbúnaði, fylgihlutum og ófullkomna þjónustu á þjónustutímabili án sérstaks endurgjalds. |
| Ábyrgðarþjónusta | Sú lágmarksþjónusta, sem veitt er í því skyni að standa undir ábyrgð án skuldbindinga um viðbragðstíma, tiltæka varahluti eða þjónustu við hugbúnað. Að jafnaði veitt án sérstaks endurgjalds. |
| Aukin ábyrgðarþjónusta | Þjónusta, sem auk ábyrgðarþjónustu getur falið í sér skuldbindingu um viðbragðstíma, þjónustutíma og tryggingu fyrir tiltækum varahlutum á ábyrgðartíma vélbúnaðar. Ávallt veitt gegn gjaldi. |
| Bilun | Vélbúnaður eða hugbúnaður vinnur ekki eins og til er ætlast samkvæmt útgefnum lýsingum. |
| Búnaðareining | Hluti af búnaði, sem er byggður sem sérstök viðbót þannig að hún falli inn í tilgreindan búnað og geti starfað með honum. |
| Búnaður | Hvers kyns vélar, hugbúnaður og aðrar vörur, sem Origo selur í eigin nafni. |
| Eignarréttur | Réttur eiganda til búnaðar og ráðstöfunar á honum. |
| Eindagi | Síðasti greiðsludagur reiknings án viðurlaga. Sé greitt eftir eindaga miðast vanefndaúrræði þó við útgáfudag reiknings. |
| Forritapakki | Hugbúnaður í véllesanlegu formi frá öðrum framleiðendum en Origo, sem dreift er á grundvelli skilmála framleiðenda, er fylgja með í pakkanum. |
| Framleiðslugalli | Galli í vélbúnaði, sem stafar af misfelli í framleiðslu þannig að vélbúnaðurinn vinnur ekki eins og lýsingarkröfur hans segja til um. |
| Fylgihlutir | Valkvæður búnaður, sem tilheyrir vél og er nauðsynlegur við notkun hennar í skilgreindum tilgangi án þess að vera hluti af henni. |
| Gagnaefni | Upplýsingaefni í véltæku formi að frátöldum hugbúnaði. |
| Hugbúnaðarþjónusta | Auglýst og skipulagt fyrirkomulag fyrir tilgreindan hugbúnað í því skyni að veita viðtöku villuboðum frá viðskiptavini og útvegum leiðréttinga frá framleiðanda eða þjónustumiðstöð hans. Að jafnaði veitt gegn gjaldi. |

| | |
|------------------------------------|--|
| Hugbúnaður | Samheiti yfir hvers konar setningar, skipanir og forrit í véllesanlegu eða prentuðu formi, sem lúta að notkun gagnavinnslukerfa. |
| Leyfisforrit | Hugbúnaður, sem dreift er á grundvelli leyfisskilmála framleiðanda og leyfð er notkun á við tilgreinda vél. |
| Lýsingarkröfur | Lýsing framleiðanda búnaðar á því hvernig hann skuli vinna. |
| Neytendakaup | Kaup í einkaþágu, sem stofnað er til af einstaklingi utan atvinnurekstrar. |
| Niðurfærsla | Aðgerð, sem miðar að því að gera hluta búnaðar óvirkan þannig að afkastageta hans rýrni. |
| Niðurtaka | Búnaður eða búnaðareining, sem tekin er úr notkun. |
| Notenda- uppsetning | Uppsetning á búnaði, sem viðskiptavinum er ætlað að gera. |
| Notenda- hugbúnaður | Hugbúnaður, sem sérstaklega er ætlaður til að leysa viðfangs-efni, er notandi leggur fram og leysa þarf í tölvu. |
| Rekstrarvara | Efnivara til reksturs búnaðar án þess að vera hluti af honum. |
| Skiptivél/ skiptihlutur | Vélbúnaður eða hluti af vélbúnaði, sem Origo setur að eigin frumkvæði í vél til að lagfæra bilun eða galla. |
| Stýriforrit | Hugbúnaður, sem sér notendahugbúnaði fyrir aðföngum tölvukerfis og stjórnar því hvernig forrit eru framkvæmd en er sjálfur óháður einstökum verkefnum. |
| Tengibúnaður | Sjálfstæður vélbúnaður, sem tengist vél í skilgreindum tilgangi. |
| Uppfærsla | Aðgerð, sem miðar að því að auka afkastagetu búnaðar með viðbótarbúnaðareiningum. |
| Uppsetning | Vélbúnaður og/eða hugbúnaður, sem komið er fyrir hjá notanda þannig að hvort tveggja sé tilbúið til notkunar. |
| Uppsetningardagur | Sá dagur, sem starfsmenn Origo koma vél í starfhæft ástand hjá viðskiptavinum. Sé um notendauppsetningu að ræða er uppsetningardagur kaupdagur vélar. |
| Uppsetningar- umhverfi | Aðstaða og ytra umhverfi vélbúnaðar hjá notendum. |
| Útskipting | Skipt um hluti í vél eða skipt um vél að öllu leyti. |
| Verksamningur | Samningur um skilgreint verkefni á tilteknu verði. |
| Verslunarkaup | Kaup, sem stofnað er til af lögaðila í atvinnurekstri. |

| | |
|------------------------|--|
| Vélbúnaður | Tæki, sem notuð eru til gagnavinnslu og annarra skyldra nota. |
| Vél | Vélbúnaður. |
| Þjónusta | Þjónusta af hvaða tagi sem er, sem Origo veitir viðskiptavini gegn endurgjaldi á grundvelli sannings og eða pöntunar viðskiptavinar. |
| Þjónustukaup | Kaup á þjónustu í einkaþágu, sem stofnað er til af einstaklingi utan atvinnurekstrar. |
| Þjónustutími | Sá tími á degi hverjum, sem notandi hefur samið um að búnaði sé þjónað þannig að hann sé í fullkomnu lagi til vinnslu. |
| Þjónustutímabil | Það tímabil, sem búnaður er í ábyrgð eða samið er um að honum sé þjónað á. |

2. Samningar um viðskipti við Origo

2.1 Gildistaka og gildissvið

Skilmálar þessir og ákvæði þeirra eru hluti af samningum aðila og gilda um öll viðskipti og alla samninga, sem þeir gera sín á milli um kaup á vörum og þjónustu, nema þeir semji um annað með skriflegum hætti.

Þegar um er að ræða kaup neytenda, þ.e. einstaklinga utan atvinnustarfsemi, á búnaði gilda lög um neytendakaup, nr. 48/2003, um kaupin feli lögin í sér hagstæðari kjör en skilmálar þessir. Með sama hætti gilda lög um þjónustukaup, nr. 42/2000, um kaup neytenda á þjónustu ef ákvæði þeirra laga eru neytanda hagstæðari en ákvæði skilmálanna.

Kaup á búnaði frá Origo eru almennt háð lögum um lausafjárkaup, nr. 50/2000, þar sem ákvæðum þessara skilmála, sérskilmála, samninga eða viðskiptavenju milli aðila sleppir.

2.2 Tilboð

Með formlegu samþykki viðskiptavinar á tilboði Origo er kominn á samningur um viðskipti og gilda um þann samning þessir Almennu skilmálar. Origo skilgreinir gildistíma tilboðs og er óbundinn af því hafi því ekki verið tekið með formlegum hætti, þegar það rennur út.

2.3 Samningar og viðaukar

Origo kann að óska eftir sérstökum samningi um einstök viðskipti, þar sem kveðið er á um gildistíma samnings, upphafsdag, umfang, vöru og þjónustu, verð og ábyrgðartíma. Sérstakir viðaukar kunna að verða gerðir við slíka samninga, er tilgreina sérstakar vöru- og þjónustulýsingar.

Kominn er á samningur um viðskipti á milli Origo og viðskiptavinar, þegar viðskiptavinur hefur staðfest tilboð, undirritað samning eða samningsviðauka, tekið vöru eða þjónustu í notkun eða greitt fyrir vöru eða þjónustu til Origo. Staðfest tilboð, samningur ásamt samningsviðaukum, sé um það að ræða, og hinum Almennu skilmálum myndar þannig heildarsamning aðilanna.

2.4 Uppsögn samninga

Origo getur hvenær sem er, fyrirvara- og bóttalaust, sagt upp samningi við viðskiptavin vegna rofs hans á samningsskyldum nema annað leiði ótvírætt af skilmálum þessum, sérskilmálum, samningum eða lögum. Eigi Origo viðskipti við viðskiptavin á grundvelli fleiri samninga en eins leiða brot hans á einum samningi til þess að Origo getur sagt upp öllum samningum sínum við viðskiptavininn.

2.5 Misræmi í skilmálum

Sé misræmi í texta Almennra skilmála og texta samnings eða samningsviðauka gildir texti samnings eða samningsviðauka.

3. Afhending og endurráðstöfun

3.1 Afhending á búnaði og þjónustu

Origo leitast við að afhenda búnað og þjónustu á umbeðnum eða umsömdum tímum og upplýsa viðskiptavinum eftir fönnum um stöðu mála hverju sinni.

Sé um afgreiðslufrest að ræða er hann tilgreindur í samningi. Er hann jafnan áætlaður og ekki bindandi fyrir Origo, nema það sé tekið fram með skýrum hætti.

3.2 Endursala og endurráðstöfun

Búnaður, sem Origo selur, er keyptur til eigin nota kaupanda án ásetnings um endursölu. Um endursölu gilda sérstakir samningar, sjá kaflann um Umboðsviðskipti og samstarfsaðila. Við útflutning á búnaði ber að fara að gildandi reglum um vöruútflutning.

4. Umboðsviðskipti og samstarfsaðilar

4.1 Umboðsviðskipti

Origo getur selt búnað í umboði þriðja aðila. Slíkir aðilar geta borið beina ábyrgð gagnvart viðskiptavinum eða falið Origo að annast um nauðsynlega þjónustu á ábyrgðartíma búnaðar. Origo leitast við að tryggja að umboðsviðskiptavinir Origo fái þjónustu, sem jafnast á við þjónustu Origo við búnað, sem Origo selur í eigin nafni.

4.2 Samstarfsaðilar

Origo gerir samninga við samstarfsaðila um sölu og þjónustu á tilgreindum búnaði og tilheyrandi þjónustu. Origo ber ekki ábyrgð á viðskiptum samstarfsaðila við viðskiptavinum þeirra en leitast engu að síður við að aðstoða við markaðsfærslu samkvæmt samstarfssamningum.

Í samstarfssamningum Origo við samstarfsaðila er eftirfarandi haft að leiðarljósi:

- Hvorugur aðila notar vörumerki hins eða kemur fram í hans nafni nema um það hafi verið samið sérstaklega.
- Allar upplýsingar, sem aðilar láta hvor öðrum í té eru opinberar. Engar trúnaðarupplýsingar eru láttnar í té nema um það sé samið sérstaklega.
- Aðilar geta að vild gert samninga innbyrðis og við þriðja aðila.
- Engin önnur réttindi en þau, sem tilgreind eru, flytjast á milli aðila í viðskiptum.
- Aðilar geta notað rafrænar sendingar í samskiptum sínum og jafngildir rafræn undirskrift formlegri undirskrift að því leyti sem landslög heimila. Notendaaudkenni á skjali er nægjanleg staðfesting á gildi og réttsemi skeytisins.
- Hvor aðili um sig skal veita gagnaðila sanngjarna möguleika til að uppfylla skuldbindingar sínar áður en reistar eru kröfur um brot á samningi.
- Hvorugur aðila getur sett fram kröfur eftir að tvö ár eru liðin frá því að kröfuefnið varð til.

4.3 Ábyrgð samstarfsaðila

Hafi um það verið samið milli samstarfsaðila Origo og Origo, veitir Origo viðskiptavinum samstarfsaðila hliðstæða ábyrgðarþjónustu og Origo veitir eigin viðskiptavinum eftir því sem nánar er kveðið á um í samstarfsaðilasamningi, sem ætlast er til að aðilar geri með sér.

5. Sala á búnaði og þjónustu

5.1 Sala á búnaði

Um kaup á búnaði, þ.m.t. innihald, kröfur og samsetningu búnaðar, fer eftir samningum aðila eða pöntunum viðskiptavina, sem sendar hafa verið Origo og samþykktar af hálfu Origo með skriflegum hætti.

5.1.1 Eignarréttur

Origo heldur eignarrétti að hinum selda vélbúnaði þar til andvirði hans er að fullu greitt. Samþykktir vixlar, skuldaviðurkenningar, greiðsla með ávísun, greiðslukorti eða öðrum áþekktum greiðslumiðli afnemur ekki eignarréttinn fyrr en full skil hafa verið gerð. Sala, framsal, veðsetning eða ráðstöfun búnaðar, sem ekki er að fullu greiddur, er óheimil án undangengins samþykkis Origo.

Viðskiptavinir hafa afnotarétt af stýrihugbúnaði og forritapökkum á einkatölvur. Engin önnur réttindi flytjast til viðskiptavina á grundvelli samnings aðilanna.

5.1.2 Áhættuskipti

Áhætta vegna vélbúnaðar flyst til viðskiptavinar við afhendingu eða á uppsetningardegi, ef samið hefur verið við Origo um uppsetninguna. Origo ber áhættu þangað til.

5.1.3 Skilaréttur

Skilafrestur á búnaði eru 30 dagar frá dagsetningu kvittunar fyrir kaupum. Sé vöru skilað innan 14 daga frá þeirri dagsetningu býðst viðskiptavinum full endurgreiðsla sem jafngildir upphaflegu kaupverði. Sé vöru skilað seinna en innan 14 daga býðst viðskiptavinum hins vegar að fá inneignarnótu.

Skil á búnaði eru háð eftirfarandi skilyrðum:

- Að framvísað sé kvittun fyrir kaupum á viðkomandi búnaði eða búnaður sé merktur með skilamiða
- Að plastumbúðir (herpt, soðin, límd) og innsigli frá framleiðanda eða Origo séu ekki rofin
- Að búnaður teljist í söluhæfu ástandi
- Að allir aukahlutir sem fylgja eiga búnaðinum séu til staðar, þ.m.t. allar snúrur og leiðbeiningar
- Að ekki hafi verið settur upp hugbúnaður á búnaðinn
- Að búnaður sé ekki útsöluvara
- Að búnaður sé ekki sérpantaður eða sérsniðinn að þörfum viðskiptavinar

Origo áskilur sér rétt til að hafna skilum á búnaði eða neita viðskiptavinum um fulla endurgreiðslu séu ofangreind skilyrði ekki uppfyllt. Starfsmenn Origo geta ákveðið að taka á móti búnaði þó

ofangreind skilyrði séu ekki uppfyllt og fær viðskiptavinur þá endurgreitt að hámarki 70% af kaupverði. Athuga skal að endurgreiðsla vegna skila á búnaði nær aðeins til kaupverðs búnaðar en annar kostnaður sem fellur til m.a. vegna flutnings á búnaði er á ábyrgð viðskiptavinar.

5.2 Sala á þjónustu

Um kaup á þjónustu fer eftir samningum aðila eða pöntunum viðskiptavina, sem sendar hafa verið Origo og samþykktar af hálfu Origo með skriflegum hætti.

5.2.1 Umfang þjónustu

Origo veitir fagþjónustu á sviði upplýsingatækni við ráðgjöf, kerfishönnun, forritagerð, uppsetningarvinnu á búnaði, viðhald búnaðar og annað sem tilgreint er í samningi. Þjónusta Origo kann að vera í stöðluðu formi eða aðlöguð að aðstæðum hverju sinni. Í aðalatriðum er um eftirfarandi samningstegundir að ræða:

Verkefnissamningur sem gildir um ákveðið verkefni, sem skilgreint er í samningi, og gildir á meðan á vinnslu þess stendur. Verkefnissamningur er óuppsegjanlegur á samningstímabili nema ákvæði um riftun eigi við. Viðskiptavinur skal greiða fyrir alla þjónustu, allan búnað og fylgihluti, sem látið er í té fram til loka samningsins. Ennfremur skal hann greiða hliðstæð útgjöld, sem stofnað hefur verið til og óafgreidd eru á lokadegi samnings.

Þjónustusamningur sem getur verið tímabundin eða ótímabundin. Tímabundin þjónusta er veitt í skilgreindan tíma og framlengist sjálfkrafa að þeim tíma loknum nema annar hvor samningsaðila segi henni upp. Ótímabundinni þjónustu lýkur, er annar hvor samningsaðila segir henni upp til slita samkvæmt ákvæðum samnings.

Origo veitir ábyrgðarþjónustu og aukna ábyrgðarþjónustu í samræmi við söluskilmála búnaðar.

Aukaverk eru háð sérstöku samkomulagi og reikningsfærð sérstaklega.

5.2.2 Starfsfólk og undirverktakar

Hvor samningsaðili um sig ber ábyrgð á störfum starfsmanna sinna, er koma að framkvæmd þjónustusamnings. Hvor aðili tilnefnir fulltrúa fyrir sína hönd til að annast daglega framkvæmd samnings. Origo getur að eigin vali ráðstafað starfsfólki sínu til að veita þjónustu samkvæmt samningnum eða fengið til þess undirverktaka eða starfsmenn þriðja aðila. Gerð samnings stendur ekki í vegi fyrir því að Origo, starfsfólk Origo eða undirverktakar leysi af hendi hliðstæð þjónustuverkefni fyrir aðra aðila.

5.3 Hugbúnaður frá öðrum - forritapakkar

Hugbúnaður og leyfisforrit frá öðrum en Origo er selt á forsendum framleiðandans eða eiganda réttindanna. Yfirleitt er um að ræða sölu á einkaleyfisbundnum, óframseljanlegum réttindum til notkunar þannig að eignarréttur til hugbúnaðarins er ekki seldur, heldur aðeins réttindin til að nota hann.

Heimild til notkunar kann að gilda um ákveðinn umsaminn tíma.

Hugbúnað af þessu tagi má ekki selja, leigja, framselja eða afhenda öðrum, nema um það sé sérstaklega samið. Afritun er háð takmörkunum, er framleiðandi eða eigandi hugbúnaðarins setur.

Hugbúnaðarþjónusta kann að vera í boði við þessa tegund hugbúnaðar. Framleiðandi hugbúnaðarins eða Origo í umboði hans veita þá þessa þjónustu eftir því sem skilgreint er í samningi.

5.4 Forritapakkar

Hugbúnaður frá öðrum en Origo er seldur með tölvuvélbúnaði og ætlaður til notkunar á eina vél í einu en afritun hugbúnaðarins er háð takmörkunum og skilmálum framleiðenda.

5.5 Endurgjald

Gjöld fyrir vöru og þjónustu Origo eru listaverð í verðskrá, sérverð eða tilgreind verð í samningi.

Öll aukaverk, sem Origo vinnur í þágu viðskiptavinar að hans ósk og ekki er kveðið á um sérstaklega í samningum milli aðila, eru gjaldkræf.

Lágmarksgjald á dagvinnutíma er 2 klst. og 4 klst. utan dagavinnutíma samkvæmt verðskrá. Dagvinnutími er skilgreindur sem 8-17 virka daga.

Ef ekki hefur verið samið sérstaklega um 24/7 þjónustu við Origo, þá er hægt að óska eftir sérstakri Neyðarþjónustu og eru þá viðskiptavinir upplýstir um kostnað í þeim tilvikum. Innan neyðarþjónustu útkalla eru 2 klst. innifaldar. Ef útkall er lengra en 2 klst. greiðir viðskiptavinur fyrir hvern unnin klst. samkvæmt gjaldskrá.

5.6 Breytingar á verðskrá

Origo áskilur sér rétt til að breyta verðskrá sínum eftir þörfum hverju sinni. Hafi aðilar samið sín á milli um fast verð á gildistíma samnings, skal það þó ekki breytast.

Origo áskilur sér rétt til þess að breyta verði vegna notendaleyfa og búnaðar, sem Origo greiðir fyrir í erlendri mynt, í samræmi við gengisþróun krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum. Skulu slíkar verðbreytingar tilkynntar viðskiptavinum með 30 daga fyrirvara. Við óvenjulegar aðstæður svo sem við gengislökkun á skömmum tíma, er Origo heimilt að tilkynna viðskiptavinum um verðbreytingar með skemmri fyrirvara.

5.7 Ferðakostnaður og flutningsskilmálar

Í samningi kann að vera kveðið á um greiðslur vegna sérstakra flutningsskilmála eða sérstakrar umsýslu, sem viðskiptavinur kann að óska eftir. Origo mun upplýsa um slíkt áður en til viðskiptanna er stofnað.

Origo gerir tilkall til sérstakrar greiðslu fyrir eftirfarandi nema um annað sé samið. Upptalning er ekki tæmandi:

- Flutning á búnaði frá húsakynnum Origo á umbeðinn stað.
- Flutning á búnaði vegna viðgerða.
- Ferðakostnað og ferðatíma vegna þjónustu á stöðum, þar sem Origo hefur ekki að staðaldri starfsfólk, sem þjálfað er til að veita þjónustu við hlutaðeigandi búnað.
- Vinnutíma og ferðakostnað vegna aðgerða, sem falla utan umsamins þjónustutíma.

- Vinnutíma á ferðum og ferðalögum, ferðakostnað og flutningsgjöld, sem falla utan við umsamda þjónustu við búnað.
- Ferðakostnað og ferðatíma vegna búnaðar, sem fellur undir viðgerðar- og útskiptiþjónustu.
- Ferða- og flutningskostnað vegna ábyrgðarþjónustu búnaðar, sem ætlaður er til þjónustu á verkstæði Origo.

5.8 Reikningar

Viðskiptavinur ber fulla ábyrgð á að greiðslur fyrir vörur og búnað berist Origo á réttum tíma.

Athugasemdir skulu gerðar við útgáfu reikninga án tafar og eigi síðar en á eindaga þeirra. Teljast reikningar ella samþykktir af hálfu viðskiptavinar. Hafi athugasemdir viðskiptavinar borist eftir eindaga og atvik réttlæta með ótvíræðum hætti, að athugasemdir bárust ekki í tæka tíð, mun Origo taka afstöðu til þeirra athugasemda.

Reikningar skulu greiddir á gjalddaga og eigi síðar en á eindaga. Skal Origo sjá svo um, að reikningar séu sendir viðskiptavini með góðum fyrirvara eða birtir honum á annan hátt samkvæmt samkomulagi aðila.

Falli reikningur eða aðrar samningsskuldbindingar í eindaga ber viðskiptavini að greiða dráttarvexti af reikningnum í samræmi við III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001.

6. Skyldur og réttindi aðila

6.1 Þáttur viðskiptavina

Viðskiptavini ber að koma upp viðeigandi uppsetningarumhverfi fyrir hverja vél í samræmi við uppsetningarleiðbeiningar framleiðenda eða Origo og veita Origo nauðsynlegan aðgang að vélbúnaði.

Viðskiptavini ber að veita Origo nægar upplýsingar svo sannreyna megi vinnsluhæfni búnaðar í viðeigandi uppsetningarumhverfi.

Áður en viðskiptavinur leitar eftir þjónustu hjá Origo ber honum að framkvæma villuleitaraðgerðir, sem framleiðandi eða Origo hafa mælt fyrir um, gera nauðsynlegar ráðstafanir til verndar hugbúnaði, gagnaefni og verðmætum, sem um er að ræða í vélbúnaði og fjarlægja (ef um útskiptingu er að ræða) alla flytjanlega geymslumiðla og annan búnað, sem heyrir ekki vélbúnaðinum til.

Viðskiptavini er óheimilt að taka í sundur hugbúnað sem honum er látinn í hendur af Origo eða stuðla að nokkrum breytingum á honum.

Í almennum viðskiptum við Origo er gengið út frá því að viðskiptavinir séu ásáttir um eftirfarandi:

- Að veita Origo greiðan aðgang að búnaði eftir afhendingu í þeim tilgangi að uppfylla skyldur sínar samkvæmt samningum aðila.

- Að lána ekki búnað, samnýta ekki eða gefa þriðja aðila aðgang að búnaði án skriflegs samþykkis Origo.
- Að framselja ekki samning eða samningsbundin réttindi við Origo til þriðja aðila án áður gerðs samþykkis.
- Að selja ekki ógreiddan búnað frá Origo, framselja hann ekki né veðsetja eða ráðstafa honum á nokkurn þann hátt, sem fer í bága við eignarrétt Origo.
- Að nota búnað frá Origo aðeins í eigin þágu og afla hans ekki í því augnamiði að selja hann, leigja eða lána án áður gerðs samþykkis.
- Að heimila Origo að setja í búnað tæknibreytingar, sem Origo telur nauðsynlegar til dæmis af öryggisástæðum. Fjarlægðar búnaðareiningar verða eign Origo. Starfshæfi búnaðar eftir breytingar skal ekki skerðast.
- Viðskiptavinur ber sjálfur ábyrgð á þeim árangri, sem næst af notkun búnaðar og þjónustu frá Origo.
- Að samningstíma loknum lokast aðgangur að netþjónum og öðrum tækjabúnaði Origo án tafar. Ber viðskiptavinur því ábyrgð á að afrita öll gögn í sinni eigu, sem vistuð eru hjá Origo áður en samningar renna út eða þeim er sagt upp.
- Að bjóða ekki starfsmönnum Origo, sem tengst hafa þjónustusamningi, stöðu í eigin fyrirtæki innan 12 mánaða frá því að verkefnissamningi lauk nema að höfðu samráði við Origo.
- Að geta einkaréttindayfirlýsingar sinnar með greinilegum hætti á öll eintök leyfisforrita, sem notuð eru í fyrirtæki hans samkvæmt sérstökum samningi.
- Að fara að landslögum og opinberum stjórnvaldsákvörðunum.

6.2 Sérstök réttindi Origo

- Origo skilur sér rétt til að fjarlægja efni af vélbúnaði Origo, sem brýtur gegn lögum og reglum.
- Origo áskilur sér rétt til þess að synja viðskiptavini um þjónustu og frekari kaup á búnaði, hafi reikningur ekki verið greiddur innan 30 daga frá eindaga.
- Origo áskilur sér rétt til þess að synja viðskiptavini um aðgang að gögnum, sem vistuð eru á búnaði Origo, hafi reikningur ekki verið greiddur innan 60 daga frá eindaga.
- Origo áskilur sér rétt til þess að eyða gögnum viðskiptavinar, sem vistuð eru á búnaði Origo, hafi reikningur ekki verið greiddur innan 150 daga frá eindaga.

7. Ábyrgð

7.1 Ábyrgð á búnaði

Origo kappkostar að uppfylla væntingar viðskiptavina til gæða selds búnaðar.

Kaup á búnaði frá Origo eru háð lögum um lausafjárkaup, nr. 50/2000, þar sem ákvæðum þessara skilmála, sérskilmála, samninga eða viðskiptavenju milli aðila sleppir. Um kaup neytenda á búnaði, þ.e. einstaklinga sem kaupa söluhlut utan atvinnustarfsemi, fer eftir ákvæðum laga nr. 48/2003, um neytendakaup, að því leyti sem þau lög tryggja neytendum betri rétt en skilmálar þessir.

Origo ábyrgist, að allur vélbúnaður virki og sé í góðu lagi á afhendingardegi.

Reikningur fyrir vélbúnað gildir sem ábyrgðarskírteini og hefst ábyrgðartími, þegar vélbúnaðurinn er afhentur eða við dagsetningu reiknings hvort sem fyrr er.

Vélbúnaður er framleiddur úr nýjum hlutum og/eða notuðum hlutum, er hafa sama notagildi og nýir hlutir frá verksmiðju. Vera kann að vélbúnaður hafi verið settur upp, gangsettur eða prófaður áður en hann er afhentur.

Origo ábyrgist, að allur vélbúnaður sé í góðu lagi til vinnslu á afhendingardegi og á ábyrgðartíma vélbúnaðarins.

Allur nýr vélbúnaður, sem Origo afhendir, nýtur ábyrgðar á skilgreindu þjónustutímabili. Sé ábyrgðartími ekki skilgreindur, er hann 1 ár. Neytendaábyrgðartími til einstaklinga utan atvinnureksturs er 2 ár. Semja má um aukna ábyrgð og aukinn ábyrgðartíma.

Notaður vélbúnaður, sem seldur er sem slíkur, nýtur ekki ábyrgðar nema um það sé samið sérstaklega.

Ábyrgð tekur til allra framleiðslugalla, lagfæringa og viðgerða að meðtöldum varahlutum og vinnutíma tæknimanna. Ábyrgð gildir ekki, ef bilun verður, sem rekja má til annarra orsaka en framleiðslugalla, svo sem rangrar meðferðar, slits eða notkunar á rekstrarvöru. Ábyrgð á rafhlöðum er eitt ár nema að um annað sé samið.

Kaupandi skal tilkynna Origo um meinta galla á búnaði um leið og hann verður gallans var, án ástæðulauss dráttar.

Reynist búnaður hafa verið gallaður við afhendingu eða tilkynni viðskiptavinur Origo um gallaðan búnað innan fyrrgreindra tímafresta, skal Origo bæta úr gallanum á eigin kostnað.

Ábyrgð á vélbúnaði fellur niður, ef:

- Leiðbeiningum framleiðanda búnaðar og Origo um hirðu, notkun, álag, íhluti eða viðhald er ekki fylgt.
- Bilun má rekja til illrar eða rangrar meðferðar.
- Óviðkomandi aðili hefur opnað eða átt við búnað, breytt honum eða bætt við hann á einhvern hátt.
- Bilun má rekja til þess að vélbúnaður hafi verið tengdur við ranga rafspennu.
- Bilun stafar af rangri tengingu við rafkerfi eða netkerfi.
- Bilun má rekja til óhæfs umhverfis, svo sem vegna ryks, hitastigs eða rakastigs.

Origo ber ekki ábyrgð á varðveislu þeirra gagna, sem vistuð kunna að vera á búnaði, nema um það sé samið sérstaklega.

Starfi vélbúnaður ekki í samræmi við lýsingarkröfur á ábyrgðartíma og Origo hefur ekki getað lagfært galla eða skipt út búnaðinum fyrir annan vélbúnað með hliðstæðri vinnslugetu innan sanngjarns tíma, á viðskiptavinur rétt á að skila búnaðinum til Origo og fá söluverðið endurgreitt.

Ábyrgð á búnaði gildir aðeins á Íslandi nema um annað hafi verið samið.

7.2 Ábyrgð á þjónustu

Origo kappkostar að uppfylla væntingar viðskiptavina til gæða seldrar þjónustu.

Kaup neytenda á þjónustu frá Origo, þ.e. einstaklinga, sem eru kaupendur þjónustu og kaupin eru ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf þeirra, eru háð lögum um þjónustukaup, nr. 42/2000, þar sem ákvæði laganna eru neytendum hagstæðari en ákvæði skilmála þessara, sérskilmála eða samninga.

Reikningur fyrir þjónustu gildir sem ábyrgðarskírteini og hefst ábyrgðartími, þegar þjónustan er innt af hendi eða við dagsetningu reiknings, hvort sem fyrr er.

Telji viðskiptavinur, að þjónusta, sem Origo veitir, sé haldin galla skal hann tilkynna Origo um það um leið og hann verður gallans áskynja, án ástæðulauss dráttar.

Hafi aðrir aðilar en Origo gert breytingar á vélbúnaði eða hann verið starfræktur með yfirálagi, getur Origo synjað um þjónustu.

Áður en viðskiptavinur biður um þjónustu skal hann framkvæma bilanagreiningu og villuleitandi aðgerðir, sem framleiðandi búnaðar og /eða Origo hafa mælt fyrir um.

Origo innir ábyrgðarþjónustu af hendi á verkstæði sínu á auglýstum opnunartíma nema um sé að ræða stærri búnað eða umfangsmiklar samsetningar, sem ekki verða með auðveldum hætti færðar úr stað.

Ábyrgð og þjónusta við hugbúnað, sem er þróaður af Origo, er háð því að notkun hugbúnaðar og þjónustu hafi verið í samræmi við kerfisskrárlýsingar Origo, handbækur og aðrar leiðbeiningar um notkun. Origo ábyrgist ekki, að hugbúnaður vinni villulaust, án reksturstruflana eða að allar villur hafi verið lagfærðar. Origo ber framleiðandaábyrgð á hugbúnaði, sem hann hefur sjálfur þróað.

Ábyrgð á þjónustu gildir aðeins á Íslandi nema um annað hafi verið samið.

7.3 Ábyrgðartakmarkanir vegna endursölu á tengingum

Bótaréttur viðskiptavinar innan viðkomandi samnings takmarkast við beint tjón sem viðskiptavinur hefur orðið fyrir og gera má ráð fyrir að sé afleiðing af vanefndum viðkomandi samnings. Bótaábyrgð innan samnings nær ekki til óbeins tjóns viðskiptavina, þ.m.t. rekstrartaps, eða tjóns sökum þess að ekki hefur tekist að uppfylla samninga við þriðja aðila að hluta til eða að öllu leyti.

Origo ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til breytinga á veituspennu, rafmagnstruflana eða annarra utanaðkomandi áhrifa.

Origo ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til sambandsleysis, rofs á fjarskiptum eða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri fjarskiptanetsins hvort sem slíkt má rekja til línubilana, bilana í stöðvum eða annarra ástæðna, nema rekja megi tjónið til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis af hans hálfu.

Origo ber ekki ábyrgð á tjóni sem viðskiptavinur eða þriðji aðili á vegum viðskiptavinar verður valdur að án meðábyrgðar Origo.

Ef Origo eða viðskiptavinur getur ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt viðeigandi samningi vegna neyðarréttarlega, óviðráðanlegra atvika falla skuldbindingar aðilans, þ.m.t. möguleg bótaábyrgð, niður á meðan slíkt ástand varir.

Fyrir hvers konar mistök, villur, vanrækslu, truflanir, tafir, tjón eða galla á þjónustu Origo á grundvelli viðkomandi samnings og viðauka hans, skal bótaábyrgð Origo fyrir hvert tjónstilvik nema að hámarki þeirri þóknun sem viðskiptavinur hefur sannanlega greitt til Origo vegna þeirrar tilteknu þjónustu sem tjónið tengist á síðustu þremur mánuðum fyrir það atvik sem orsakaði umrætt tjón.

Bótaskylda Origo í tengslum við viðkomandi samning eða athafnir sem unnar eru í tengslum við samning þennan skal þó aldrei nema hærri fjárhæð en 500.000 kr. samanlagt

7.4 Ábyrgð á forritapökkum

Origo ber ekki ábyrgð á forritapökkum, sem óháðir framleiðendur og hugbúnaðarfyritæki hafa þróað og framleitt. Origo innir því ekki af hendi hugbúnaðarþjónustu eða villuleiðréttingar í neinni mynd nema um það sé samið sérstaklega. Jafnframt tekst Origo ekki á hendur neins konar skuldbindingar varðandi forritapakkan eða notagildi hans í tilteknu skyni.

Skilmálar framleiðandans fylgja með forritapökkum eða unnt er að afla sér þeirra með því að snúa sér beint til framleiðanda. Gilda þeir skilmálar um þá forritapakka, sem Origo selur með vélbúnaði.

Forritapakkar eru seldir og afhentir í því ástandi, sem þeir eru í við afhendingu frá framleiðanda og án þjónustuskuldbindinga af hálfu Origo. Þjónusta Origo við forritapakka er jafnan reikningsfærð á viðskiptavin nema um annað sé samið.

7.5 Atvik utan ábyrgðar

Origo ber enga ábyrgð á kröfum, sem reistar eru á eftirtöldum atvikum:

- Viðskiptavinur hefur sjálfur útvegað búnaðareiningu og sett eða látið setja í búnað, sem Origo hefur selt.
- Viðskiptavinur hefur gert breytingar á búnaði eða hefur staðið fyrir breytingum á honum.
- Viðskiptavinur hefur notað hugbúnað í öðru umhverfi en skilgreindu uppsetningarumhverfi.
- Notkun samsetts búnaðar af einingum frá Origo og einingum frá öðrum aðilum, sem Origo hefur ekki afhent í heild sinni.
- Virkni búnaðar, þ.m.t. hugbúnaðar, frá framleiðendum óháðum Origo.

7.6 Almennar takmarkanir á ábyrgð

Í öllum tilvikum, þar sem galli kemur fram í búnaði eða gagnaefni, miðað við þær skuldbindingar, sem um hefur verið samið, á viðskiptavinur rétt á því, að fram fari viðgerð eða útskipting (í heild eða að hluta) eftir vali Origo. Ef svo fer, eftir ítrekaðar tilraunir, að Origo tekst ekki að fá búnað eða gagnaefni til að starfa miðað við umsamdar skuldbindingar og viðskiptavinur verður fyrir tjóni af þeim sökum er ábyrgð Origo á hugsanlegum skaðabótum þess vegna takmörkuð eins og hér er lýst:

- Vegna kaupa á búnaði: Jafnvirði kr. 2.400.000 eða reikningsfærðs kaupverðs þess búnaðar, sem orsakaði tjónið, hvort sem lægra er.
- Vegna samninga um ábyrgðarþjónustu og aðra þjónustu: Jafnvirði kr. 1.200.000 eða þriggja mánaða gjalda fyrir þjónustu við þann búnað, sem orsakaði tjónið, hvort sem lægra er.

Viðskiptavinir Origo samþykkja að halda Origo í öllum tilvikum skaðlausum af kröfum, er fara fram úr framangreindum takmörkunum.

Í þessum tveimur ofangreindum flokkum ábyrgðartakmörkunar er það hinn hærri eða sú hæsta þeirra fjárhæða, er til greina kemur í hverjum flokki, sem er hámark ábyrgðarinnar.

Öll þjónusta er veitt án skuldbindinga um viðbragðstíma eða tiltæka varahluti hverju sinni, nema um annað sé samið sérstaklega.

Origo ábyrgist ekki að búnaður eða þjónusta sé gallalaus, virki án reksturstruflana, að hugbúnaður starfi rétt eða að allar hugbúnaðarvillur sem og aðrar villur séu lagfærðar.

Origo undanskilur sig allri ábyrgð á öllu óbeinu eða afleiddu tjóni, svo sem reksturstapi, glötuðum ágóða eða sparnaði, töpuðum gögnum eða öðru tjóni, sem áður er ótalið, svo og öllum kröfum á hendur viðskiptavini frá þriðja aðila.

Origo ber ekki ábyrgð á tjóni, sem þriðji aðili veldur.

Origo undanskilur sig ábyrgð á öllu tjóni, sem stafar af notkun hugbúnaðar eða gagnaefnis, svo og ef gagnaefnið glatast eða tynist af hvaða ástæðum sem er.

Origo undanskilur sig ábyrgð á öllu tjóni, sem verður á persónum, fasteignum og lausafé og kann að stafa af búnaði, sem Origo hefur útvegað eða kynni að stafa af þjónustu fyrirtækisins.

Origo ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til sambandsleysis, rofs á þjónustu eða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri þjónustu, hvort sem slíkt má rekja til bilana í línunum, bilana í sambandastöðvum eða annarra ástæðna.

Ef aðilar geta ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samningum vegna neyðarréttarlegra, óviðráðanlegra atvika, falla skuldbindingar þeirra, þ.m.t. möguleg bótaábyrgð, niður á meðan slíkt ástand varir.

Utan þess sem greinir í skilmálum þessum skal bótaábyrgð Origo vegna hvers konar mistaka, villna, vanrækslu, truflana, tafa, tjóns eða galla á þjónustu eða búnaði sem verður í tengslum við samninga aðila, nema að hámarki jafnvirði þeirrar þóknunar sem viðskiptavinur hefur sannanlega greitt til Origo fyrir þá tilteknu þjónustu eða búnað sem tjónið tengist á síðustu þremur mánuðum fyrir það atvik sem orsakaði umrætt tjón.

8. Önnur ákvæði

8.1 Hugverkaréttur – uppgötvanir og uppfinningar

Origo áskilur sér allan umsaminn rétt til hugverka er tengjast vörum og þjónustu sem látin er viðskiptavinum í té.

Skilmálar þessir skulu engin áhrif hafa á hugverkarétt aðila og/eða afnotarétt af hvers konar atvinnuleyndarmálum, gögnum, trúnaðarupplýsingum eða öðru efni sem tengist búnaði eða þjónustu.

Origo á allan hugverkarétt á uppgötvunum og uppfinningum sem gerðar eru á grundvelli samnings aðila, nema ef slíkar uppgötvanir eða uppfinningar stafa einungis frá viðskiptavinum. Ef Origo eða undirverktakar Origo og viðskiptavinur gera uppgötvunina eða uppfinninguna í sameiningu skulu öll réttindi henni tengd teljast sameign Origo og viðskiptavinar. Hvor aðili um sig skal þá hafa óskertan rétt til að ráðstafa þeim réttindum sínum sem tengjast uppgötvuninni eða uppfinningunni. Ef uppfinningin eða uppgötvunin tilheyrir viðskiptavinum einum falla öll réttindi henni tengd til hans. Viðskiptavinur veitir þó Origo óafturkallanlegt og endurgjaldslaust leyfi, er gildir um allan heim til að nýta sér uppgötvunina eða uppfinninguna, sem og allar einkaleyfisumsóknir og öll einkaleyfi, sem rót sína eiga að rekja til uppgötvunarinnar eða uppfinningarinnar.

Skilmálar þessir hafa ekki í för með sér neins konar yfirfærslu á höfundarétti frá einum aðila til annars, nema þar sem ákvæði samninga kveða sérstaklega á um það.

8.2 Eigin hugbúnaðarþróun Origo

Origo notar viðurkenndar aðferðir við þróun, hönnun og gerð hugbúnaðar. Sérgerður hugbúnaður og gagnaefni nýtur ekki ábyrgðar eða þjónustu umfram það, sem sérstaklega er um samið.

Um afnotaréttindi og annars konar aðgang að hugbúnaði, gagnagrunnum og gagnaefni, sem viðskiptamaður fær afhent í sambandi við vinnslu þjónustusamnings, gilda sömu skilmálar og um kaup á slíkum búnaði, nema um annað sé samið.

Ef Origo þróar hugbúnað í eigin nafni eða í samvinnu við aðra gilda eftirfarandi skilmálar nema um annað sé sérstaklega samið.

Hugbúnaður og gagnaefni, sem samkvæmt samningi er ekki sérstaklega auðkennt eignar- og höfundarétti viðskiptavinar, lýtur eignar- og höfundarétti Origo. Viðskiptavinur öðlast afnotarétt af hugbúnaði, gagnagrunnum og/eða gagnaefni, sem ekki er sérstaklega auðkennt eignar- og höfundarétti viðskiptavinar. Viðskiptavinur ábyrgist, að þróun eða endurskoðun Origo á hugbúnaði og/eða gagnaefni, sem byggt er á eða leitt af hugbúnaði, sem viðskiptavinur afhendir Origo á grundvelli samnings, brjóti ekki í bága við réttindi þriðja aðila.

Viðskiptavinur Origo hefur öll eðlileg eignarráð yfir hugbúnaði og gagnaefni, sem samkvæmt samningi er auðkennt eignar- og höfundarétti hans. Viðskiptavinur getur aðeins öðlast eignar- og höfundarétt að hugbúnaði, gagnagrunnum eða gagnaefni, sem sérstaklega er þróað fyrir hann.

Aðlögun staðalhugbúnaðar, handbóka og annars ritaðs efnis verður ekki skoðað sem sérstaklega gerður hugbúnaður eða sérgert gagnaefni. Framangreind eignarráð viðskiptavinar sæta þó þeim takmörkunum að Origo hefur rétt til að hanna og/eða þróa hugbúnað, gagnagrunna og gagnaefni, byggðan á hugbúnaði og gagnaefni, sem viðskiptavinur hefur eignar- og höfundarétt að. Origo skal hafa óheftan ráðstöfunarrétt yfir slíkum hugbúnaði og gagnaefni.

Hvor samningsaðili um sig hefur óhefta heimild til að nota hugmyndir, hugtök, þekkingu og tækni varðandi gagnamedhöndlun, sem þeir hafa hvor í sínu lagi þróað á grundvelli samnings.

8.3 Notkun vörumerkja

Origo er ekki heimilt að vísa til viðskiptavinar á vefsíðu sinni eða birta vörumerki hans þar, sem og í öðru kynningarefni á vegum Origo, nema með samþykki viðskiptavinar. Viðskiptavinur skal jafnframt leita samþykkis Origo fyrir slíkri notkun á nafni og vörumerkjum í eigu Origo.

8.4 Upplýsingaöryggi og vinnsla persónuupplýsinga

Origo hefur vottað stjórnkerfi upplýsingaöryggis samkvæmt ISO 27001 staðlinum. Þjónusta Origo er á grundvelli viðkomandi staðals eftir því sem við á. Viðskiptavinur skuldbindur sig til að virða viðkomandi öryggisreglur enda sé hann upplýstur um þær.

Viðskiptavinur telst ábyrgðaraðili í skilningi laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (persónuverndarlög), að því er varðar hvers konar vinnslu á persónuupplýsingum. Origo telst vinnsluadili skv. persónuverndarlögum vegna vinnslu persónuupplýsinga fyrir hönd viðskiptavinar. Vinni Origo persónuupplýsingar fyrir hönd viðskiptavinar skulu aðilar gera með sér sérstakan samning um vinnslu á persónuupplýsingum í samræmi við persónuverndarlög, þar sem skyldur aðila eru nánar tilgreindar.

8.5 Trúnaður

Öll gögn og upplýsingar sem Origo verður vísari um viðskiptavin og skjólstæðinga hans skal vera trúnaðarmál þeirra á milli.

Viðskiptavinur skal á sama hátt gæta fyllsta trúnaðar um gögn og upplýsingar er varða Origo. Upplýsingar skal aðeins nota í þeim tilgangi sem þær voru fengnar og að því marki sem nauðsynlegt er við framkvæmd samningsskuldbindinga aðila.

Aðilar skuldbinda sig til að ljóstra ekki upp trúnaðarupplýsingum sem þeir hafa mótttekið frá gagnaaðila, þ.m.t. upplýsingum um stjórnunarlegar, fjárhagslegar eða tæknilegar aðstæður gagnaðila, aðrar aðstæður varðandi rekstur, viðskipti eða atriði sem ætla má að teljist trúnaðarupplýsingar, sem halda ber leyndum.

Upplýsingar, sem eru eða ætla má að séu á allra vitorði eða öllum aðgengilegar, teljast ekki trúnaðarupplýsingar, nema slíkar aðstæður stafi af broti á þessu ákvæði. Þagnarskylda skal gilda áfram eftir að samningssambandi lýkur.

8.6 Framsal

Aðilum er óheimilt að framselja réttindi og skyldur sem samningssamband þeirra hefur í för með sér nema að fengnu skriflegu samþykki gagnaðila. Þó er aðilum heimilt að framselja réttindi og skyldur til dótturfyrirtækja sem þeir eiga að öllu leyti, svo fremi að viðeigandi leyfi séu framseld til viðtakandi fyrirtækis.

Efni framsalshafi ekki skyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum skal framseljandi bera ábyrgð á réttum efndum hans gagnvart gagnaðila.

8.7 Tímafrestur um tilkynningu á galla

Viðskiptavinur Origo glatar rétti sínum til þess að bera fyrir sig galla, ef hann tilkynnir ekki Origo án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var og í hverju galli var fólgin.

Ef viðskiptavinur leggur ekki fram kvörtun innan árs frá þeim degi, er hann veitti búnaði eða þjónustu viðtöku, eða tveggja ára sé um neytenda- eða þjónustukaup að ræða, getur hann ekki síðar borið gallann fyrir sig. Þetta gildir þó ekki ef Origo hefur í samningi eða sérstakri ábyrgðaryfirlýsingu tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma.

Í samningum við Origo geta samningsaðilar ekki gert neina kröfu, af hvaða tegund eða tilefni hún kann að vera, eftir að meira en tvö ár eru liðin frá því að kröfuefnið varð til eða meira en tvö ár eru liðin frá síðustu greiðslu, ef um greiðslufall er að ræða.

8.8 Óviðráðanleg atvik

Geti Origo vegna óviðráðanlegra atvika ekki efnt skyldur sínar gagnvart samningsaðila er félagið laust undan öllum skuldbindingum sínum um þann tíma sem óviðráðanleg atvik standa yfir og samningsaðili á ekki rétt til að beita vanefndaúrræðum gagnvart Origo, þ.m.t. kröfum um endurgreiðslu, afslátt, skaðabætur, uppsögn eða riftun. Með óviðráðanlegum atvikum (e. Force Majeure) er átt við atburð eða aðstæður sem ekki eru á valdi Origo enda sé þannig háttáð um þau að Origo hafi ekki verið unnt að yfirvinna þau með eðlilegum ráðum. Án takmörkunar um almennt gildi þess, sem að framan greinir skulu atburðir og atvik m.a. taka til styrjalda, uppreisna, skemmdarverka, óeirða, náttúruhamfara, aðgerða stjórnvalda á sviði gjaldeyris- og viðskiptamála, viðskiptabanna, hafnbanna, almennra samgönguhindrana, flutningsbanna, orkuskorti, hvers kyns netárása, óviðráðanlegum atvikum í samskiptum við undirverktaka og hvers kyns ámóta atvika sem valda röskun á efndum Origo, þ.m.t. ef birgjar eða þjónustuaðilar Origo geta ekki uppfyllt skuldbindingar sínar gagnvart Origo á grundvelli óviðráðanlegra atvika sem leiða til þess að Origo geti ekki efnt skuldbindingar sínar gagnvart samningsaðila. Komi til þess að óviðráðanleg atvik standi yfir í 30 daga samfellt eða lengur getur Origo rift eða sagt samningi við samningsaðila fyrirvaralaust án þess að baka sér bótaskyldu.

8.9 Riftun

Báðir samningsaðilar geta rift samningi án fyrirvara, ef um er að ræða verulega vanefnd af hálfu hins aðilans í samræmi við almennar reglur. Origo getur til viðbótar venjulegum vanefndaheimildum m.a. rift samningi vegna vanefnda, ef:

- Viðskiptavinur greiðir ekki reikninga Origo vegna umsaminnar og veittrar þjónustu innan 30 daga eftir eindaga.
- Viðskiptavinur uppfyllir ekki samningsbundnar skyldur sínar við Origo innan 30 daga frá dagsetningu skriflegrar tilkynningar frá Origo um efnisatriði málsins.
- Viðskiptavinur notar búnað með öðrum hætti en notkunarskilmálar eða aðrar útgefnar leiðbeiningar um meðferð hans kveða á um.
- Viðskiptavinur notar búnað umfram það, sem Origo skilgreinir sem hámarksnotkun á tilgreindu tímabili.

- Viðskiptavini er veitt heimild til greiðslustöðvunar, hann fær heimild til að leita nauðasamninga eða verður gjaldþrota.
- Aðrir en starfsmenn Origo hafa án undanfarandi samþykkis Origo veitt hinum tiltekna búnaði þjónustu.
- Verði samningi rift af hálfu Origo ber viðskiptavini að greiða áfallin gjöld samkvæmt samningum auk alls kostnaðar.

Þá getur Origo gripið til eftirfarandi aðgerða séu forsendur til riftunar vegna vanefnda til staðar:

1. Sagt upp þjónustusamningi að hluta eða í heild.
2. Tekið hugbúnað í sína vörslu eða gert hann ónothæfan.
3. Innheimt allar gjaldfallnar og ógjaldfallnar leigugreiðslur samkvæmt viðkomandi samningi.
4. Beitt öðrum vanefndaúrræðum eftir því sem við á.

Viðskiptavinur skal halda Origo skaðlausum af öllum útgjöldum og tekjumissi, sem Origo kann að verða fyrir vegna vanefnda viðskiptavinar á þjónustusamningi.

8.10 Lög og varnarþing

Samningar Origo við viðskiptavini og Almennir skilmálar þeim tengdir falla undir íslensk lög. Skulu undanþæg ákvæði laganna víkja fyrir samningum þessum og skilmálum samrýmist þau þeim ekki. Leiði lög um neytendakaup eða lög um þjónustukaup með ófrávíkjanlegum hætti til hagstæðari kjara fyrir viðskiptavini en samningar þessir og skilmálar kveða á um, skulu þau lög gilda.

Rísi mál út af viðskiptasamningum Origo og/eða Almennum skilmálum félagsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.